

Borgarstjórn Reykjavíkur

20. september 2016

Tillaga forsætisnefndar að staðsetningu umboðsmanns borgarbúa:

Lagt er til að embætti umboðsmanns borgarbúa verði sérstök eining í skipuriti Reykjavíkurborgar, með sjálfstæðan fjárhag frá 1. janúar 2017 og að umboðsmaður starfi í umboði stjórnkerfis- og lýðræðisráðs sem er jafnframt falið að endurskoða gildandi samþykkt um umboðsmann borgarbúa. Umboðsmaður verður ráðinn af borgarráði að fenginni tillögu stjórnkerfis- og lýðræðisráðs.

Greinargerð:

Á fundi borgarstjórnar 16. september 2014 var samþykkt tillaga um að framlengja tilraunaverkefni um umboðsmann borgarbúa um 18 mánuði. Á þeim tíma var forsætisnefnd falið að vinna að nánari skilgreiningu fyrir starfsemi umboðsmanns og gera tillögu að framtíð embættisins með vísan til umfjöllunar í áfangaskýrslu umboðsmanns borgarbúa.

Niðurstaða forsætisnefndar er að leggja það til að frá og með 1. janúar 2017 verði embættið sjálfstæð eining í skipuriti á sama hátt og skrifstofa innri endurskoðunar og með sjálfstæðan fjárhagsramma. Gert er ráð fyrir því að 22 milljónir sem ætlaðar eru í rekstur embætti umboðsmanns, og eru nú í fjárhagsramma skrifstofu borgarstjórnar, færist á nýjan kostnaðarstað embættisins í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017.

Í tillögunni er jafnframt gert ráð fyrir því að umboðsmaður muni nú heyra undir stjórnkerfis- og lýðræðisráð í stað forsætisnefndar. Hlutverk umboðsmanns borgarbúa er að hafa eftirlit með stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og tryggja rétt borgarbúa gagnvart afgreiðslu erinda og þjónustu sem borgin veitir. Í ljósi þess að stjórnkerfis- og lýðræðisráð fer m.a. með það verkefni að yfirfara stjórnkerfið með það að markmiði að gera það einfaldara og markvissara, telur forsætisnefnd að verkefni umboðsmanns eigi mjög vel heima á vettvangi ráðsins. Umboðsmaður mun jafnframt embættislega heyra undir borgarstjóra og njóta faglegs sjálfstæðis í störfum sínum gagnvart allri stjórnsýslu borgarinnar, þ.m.t. borgarstjóra.